



Bendill IV - áhugakönnun fyrir fullorðna, þróun og prófun

Arna Pétursdóttir og Sif Einarsdóttir

Lengi hefur verið rætt um að það vanti áhugakönnun fyrir fullorðin fólk á vinnumarkaði með aukinni áherslu á sí- og endurmenntun í nútímasamfélagi og tilheyrandi náms- og starfsráðgjöf. Hingað til hafa áhugakannanir fyrst og fremst verið hannaðar fyrir ungt fólk sem fer hefðbundnar leiðir í formlega skólakerfinu. Það gildir um Bendil I-III sem taka fyrst og fremst mið af þeim ákvörðunum og vali sem ungmenni standa frammi fyrir í formlega skólakerfinu. Þróun Bendils IV fyrir vinnandi fólk er lokahnykkur í því heildarmarkmiði að hanna röð áhugakannanna sem mæta þörfum ólíkra hópa ráðþega sem standa frammi fyrir vali á námi og störfum ævina alla. Hér er gerð Bendils IV fyrir fólk á vinnumarkaði lýst með áherslu á stöðlun kvarða og próffræðilega eiginleika þeirra.

Atriðagerð , úrtak og fyrirlögn

Bendill IV byggir á sama atriðabanka (345 athafnir tengdar störfum; starfsheiti) og Bendill III fyrir háskólanema (sjá nánar bls. 61-62 í handbók: Sif Einarsdóttir og James Rounds, 2013 2. útg.). Til að mynda samfellu fyrir ráðþega sem tekur ólíkar kannanir eru sömu atriði notuð til að meta HVLFAS svið Hollands (1997) í Bendli II, III og nú IV. Aftur á móti eru þessar þrjár ólíkir hvað varðar fjölda undirvarða (basic interest scales). Þeir mynda ytri hring í íslenska áhugasviðslíkaninu sem lagt er til grundvallar við gerð Bendils II og III (sjá nánar bls 54-57 í handbók 2. útgáfu). Þeir eru 28 í Bendli-II og 27 í Bendli III en eru 35 í Bendli IV og fullgera þannig áhugssviðhringinn. Undirvarðarnir leika lykilhutverk því þeir endurspeglar ísliskan vinnumarkaði í heild og eru búnir til frá grunni hérlendis ólíkt HVLFAS sviðum Hollands sem spruttu úr bandarískum vinnumarkaði um miðja síðustuðu öld (sjá www.bendill.is; Einarsdóttir, Eyjólfsdóttir og Rounds, 2013 og bls. 65-67 í handbók).

Niðurstöður úr áhugakönnun (T-gildi) byggja á stöðlunarúrtaki þar sem hver ráðþegi er staðsettur í dreifingu áhuga miðað við aðra. Mikilvægt er við val á matstækjum í ráðgjöf að velja þau sem hafa verið stöðluð fyrir þann hóp sem ráðþegi helst tilheyrir. Úrtak vinnandi fólks var valið í samvinnu við Félagsvísindastofnun Háskóla til að nota við stöðlun Bendils IV og pr. Tekið var 2000 manna slembiúrtak úr þjóðskrá, með símanúmerum, fólk með íslenskt ríkisfang á aldrinum 18-60 ára. Náðist í 79,5% af úrtakinu í síma og samþykktu 65,3% þeirra þátttöku. Þau fengu sendan tölvupóst með upplýstu samþykki þar sem tilgangi verkefnisins var lýst og meðferð gagna. Þátttakendur voru 921 talsins, 46% af úrtakinu í heild en 73% af þeim sem

samþykktu að taka þátt. Vegna tæknivanda hjá hýsingaraðila vistuðust svör við bakgrunnspurningum þátttakenda ekki öll í kerfinu. Haft var aftur samband við þátttakendur og óskað eftir svörum þeirra um kyn, aldur, búsetu, menntun og störf. 806 (88%) manns svöruðu bakgrunnspurningum aftur í heild. Við höfum þó upplýsingar um aldur, búsetu og kyn allra 921 þátttakenda.

Meðalaldur þátttakenda var 39,9 (staðalfrávik 12,2). Yngsti þátttakandi var 18 ára og sá elsti 61 árs. Þátttakendur búsettir á höfuðborgarsvæðinu voru 585 (63,5%) en 336 (36,5%) voru búsettir á landsbyggðinni. Í töflu 1 eru kynjahlutföll, staða þátttakenda á vinnumarkaði, dreifing þátttakenda á flokkun atvinnugreina og aðalstarfs, menntunarstig og hlutfall þátttakenda á ólíkum námsstigum í úrtaki og þýði borin saman. Þetta er gert til að kanna hversu vel úrtakið endurspeglar þýði vinnandi fólks hérlendis. Konur voru 520 talsins (56,5%) og karlar 401 (43,5%). Konur eru hlutfallslega fleiri í úrtakinu en á Íslandi (á aldrinum 18-61 árs). Þetta er algeng skekkja þegar sendar eru beiðnir um sjálfboðaliða til þátttöku í rannsóknum eins og hér var gert.

Ef staða þátttakenda á vinnumarkaði er tekin saman er fólk í launuðu starfi, sjálfstætt starfandi og atvinnurekendur um 71,2%. Það er aðeins minna en hlutfall af heildar mannfjölda á vinnumarkaði á Íslandi árið 2015 sem var 84,2% (Hagstofa Íslands, e.d.). Ef skoðað er hlutfall af þeim sem svara (e. valid percent) eru starfandi 82,5%, þeir sem eru í námi 20,9% og námsmenn 8,2%. Ákveðið var að fjarlægja úr úrtaki þá sem sögðust vera í fullu námi, samtals 101 þátttakendur. Tafla 1 hér fyrir neðan sýnir aðeins stöðu þeirra 820 sem teljast hluti af skilgreindu þýði fullorðinna vinnandi sem markmiðið var að ná til. Má þá sjá að hlutfall starfandi er 89,1%, í námi 1,0% og námsmenn 9,4% (Vinnandi í töflu). Unnar vinnustundir á viku voru að meðaltali 38,1 sem er sambærilegt meðalfjölda unninna vinnustunda á Íslandi árið 2015 sem þá voru 40,4 (45,1 í fullu starfi, 23,2 í hlutastarfi og 39,9 venjulegar vinnustundir¹).

Tafla 1 sýnir dreifingu þátttakenda á ólíkar atvinnugreinar samkvæmt flokkun Hagstofu Íslands (e.d.) í úrtakinu borið saman við þýðið. Dreifing þátttakenda á tíu megin flokka atvinnugreina í úrtaki og þýði er þó nokkuð jöfn en hlutfallslega færri starfa við heildsölu og verslun, samgöngur og geymslusvæði, rekstur veitinga- og gististaða í úrtaki en í þýði. Einnig starfa hlutfallslega færri við framleiðslu, námugróft, veitustarfsemi og meðhöndlun úrgangs í úrtaki en í þýði. Tafla 2 sýnir einnig dreifingu þátttakenda á starfaflokka Hagstofu Íslands (2008) í úrtakinu borið saman við þýðið, þ.e. fjölda starfandi eftir starfstéttum á Íslandi árið 2015. Í ljós kemur að hlutfall starfstétta í úrtaki og þýði er nokkuð jafnt. Þjónustu-, umönnunar- sölu- og afgreiðslufólk er hlutfallslega færra í úrtakinu en þýðinu og skrifstofufólk fleira í úrtaki en þýði. Ef skoðað er hlutfall af þeim sem svara og vinnandi má sjá að hlutfallið er nokkuð jafnt í úrtaki og þ.

¹ Venjulegar vinnustundir á viku eru þær klukkustundir sem fólk telur sig vinna að jafnaði í hefðbundinni vinnuviku

Tafla 1. Samanburður á úrtaki og þýði. Kyn, staða á vinnumarkaði og atvinnugrein.

	Vinnandi			Þýði	
	Fjöldi	%	gilt %	Fjöldi	%
Kyn					
Konur	453	55,2	55,2	96080	49,4
Karlar	367	44,8	44,8	98305	50,6
Staða á vinnumarkaði					
Starfandi	618	75,4	89,10%	173900	84,2
Í námi	7	0,9	1,00%	43924	13,5
Námsmenn	65	7,9	9,40%	43924	13,5
Atvinnugrein					
Opinber stjórnýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta	195	23,8	28,00%	54000	29,4
Heildsala og verslun, samgöngur og geymslusvæði, rekstur veitinga- og gististaða	67	8,20%	9,60%	52200	28,4
Ýmis sérhæfð þjónusta	54	6,6	7,7	18800	10,2
Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	55	6,7	7,9	8200	4,5
Upplýsingar og fjarskipti	44	5,4	6,3	10100	5,5
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	37	4,5	5,3	12000	6,5
Fjármála- og váttryggingastarfsemi	27	3,3	3,9	6500	3,5
Framleiðsla, námugróftur, veitustarfsemi og meðhöndlun úrgangs	27	3,3	3,9	22600	12,3
Fasteignaviðskipti	4	0,5	0,6	1100	0,6
Önnur starfsemi	134	16,3	19,2	6400	3,5
Á ekki við	53	6,5	7,6	0	0
Svör samtals	697	85	100	191900	104,4
Ósvarað	123	15			
Heildarfjöldi	820	100			

Ath. gilt % er hlutfall þeirra sem gáfu upplýsingar

Tafla 2. Samanburður á úrtaki og þýði. Aðalstarf og menntunarstig

	Vinnandi			Þýði	
	Fjöldi	%	gilt %	Fjöldi	%
Aðalstarf					
Sérfræðingar	156	19	22,8	41800	22,8
Stjórnendur, kjörnir fulltrúar og æðstu embættismenn	96	11,7	14	17200	9,4
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	86	10,5	12,6	27000	14,7
Þjónustu-, umönnunar- sölu- og afgreiðslufólk	89	10,9	13	42200	23
Ósérhæft starfsfólk	31	3,8	4,5	12500	6,8
Skrifstofufólk	39	4,8	5,7	7100	3,9
Annað	37	4,5	5,4	0	0
Bændur og fiskimenn	40	4,9	5,8	6500	3,5
Iðnaðarmenn og sérhæft iðnverkafólk	53	6,5	7,7	20400	11,1
Bílstjórar véla- og vélgæslufólk	13	1,6	1,9	8900	4,8
Á ekki við	44	5,4	6,4	0	0
Svör samtals	684	83,4	100	183600	100
Ósvarað	136	16,6		0	0
Heildarfjöldi	820	100		183600	100
Menntunarstig					
Grunnskólanám eða minna	107	13	15,5	80100	35
Starfsnám og iðnnám	138	16,8	20	49100	21,5
Bóklegt nám á framhaldsskólastigi	77	9,4	11,2	33200	14,5
Grunnnám í háskóla/nám í sérskóla á háskólastigi	234	28,5	33,9	42300	18,5
Meistaránám í háskóla	116	14,1	16,8	23900	10,4
Annað	18	2,2	2,6	0	0
Svör samtals	690	84,1	100	228900	100
Ósvarað	130	15,9		300	0,1
Heildarfjöldi	820	100		228900	100,0

Ath. gilt % er hlutfall þeirra sem gáfu upplýsingar

Ef borið er saman menntunarstig fólks í úrtaki og í þýði má sjá í töflu 2 að hlutfall þeirra sem hafa lokið grunnnámi í háskóla er hærra en í þýði og hlutfall þeirra sem hafa aðeins lokið grunnskólanámi er lægra í úrtaki en þýði. Einnig er hlutfall þeirra sem hafa lokið iðnnámi þó nokkuð lægra í úrtaki en þýði. Flokkun Hagstofu á námsbrautum er ólík þeirri flokkun sem notast var við í þessari könnun og endurspeglar nám og breytingar á því í tímans rás. Hjá Hagstofu er starfs- og framhaldsmenntun flokkuð saman í einn flokk og undirflokk (t.d. bóknað á framhaldsskólastigi með aðgang að háskólastigi, starfsnám á framhaldsskólastigi án aðgangs að háskólastigi). Það liggur ekki alveg ljóst fyrir undir hvern undirflokk iðnnám (sem hér var skilgreint sem verklegt nám á framhaldsskólastigi, t.d. sveins- og meistaraþróf, vélstjóra- og stýrimannapróf) og starfsnám (sem hér var skilgreint sem t.d. sjúkraliða-, húsmæðra- lögreglu, banka- eða ritarnám) fellur. Hér gætir því líklega einhverju misræmi. Ef starfsnám og iðnnám er sameinað og litið til hlutfall þeirra sem svara og vinnandi er hlutfall í úrtaki (20,0%) og þýði (21,49%) nokkuð jafnara. Einnig hefur flokkun Hagstofunnar ekki flokk sem snýr beint að námi í sérskóla á háskólastigi (sem hér var skilgreint sem t.d. myndlistarnám, iðnfræði eða kerfisfræði) en telst líklega til háskólamenntunar skv. flokkun Hagstofunnar. Ákveðið var því að flokka nám í sérskóla á háskólastigi undir grunnám í háskóla, sem veldur þar af leiðandi enn meiri hlutfallslegri aukningu á þeim sem hafa lokið grunnámi í háskóla í úrtaki (33,9%) en í þýði (18,50%). Hlutfall þeirra sem hafa lokið bóklegu námi á framhaldsskólastigi og meistaranámi í háskóla í úrtaki og þýði er nokkuð jafnt og í þýði.

Þegar þátttakendur voru spurðir hvort þeir stunduðu nám svöruðu 630 (68,4%) neitandi en 166 (20,9%) játandi. Þeir sem stunda nám eru ívið fleiri hlutfallslega í úrtakinu en þýðinu, þ.e. skráðir nemendur ofan grunnskóla haustið 2014. Ef litið er til svara þátttakenda við stöðu á vinnumarkaði skráðu aðeins 65 (8,2%) sig sem námsmenn sem er lægra hlutfall en í þýði. Þetta misræmi má ef til vill rekja til þess að einhverjir eru í námi samhliða vinnu og gæti einnig skýrt lágt meðalnámshlutfall sem var 15,8%. Flestir eða 119 (12,9% af heild - 72% af þeim sem stunda nám) stunda nám á háskólastigi en 40 (4,3% af heild - 24,1% af þeim sem stunda nám) stunda nám á framhaldsskólastigi. Aðrir merktu við annað sem samanstendur af margskonar námi og námskeiðum. Líkt og áður sagði var ákveðið að fjarlægja þá sem skráðu sig sem 100% námsmenn (framhalds- og háskólanemendur) og lækkar hlutfall þeirra sem stunda nám í 1%. Meðalaldur þeirra 820 sem eftir standa er 41,6 ár (sf = 11,5 ár).

Þátttakendur voru beðnir að meta hversu ánægðir þeir er í núverandi starfi (núverandi námi eða stöðu á vinnumarkaði á tíu punkta kvarða frá 1 = alls ekki ánægð/ur og 10 = mjög ánægð/ur. Ósvarað: 127. Flestir svöruðu á bilinu 5 til 10 (meðaltal 7,65, sf = 1,99).

Prófun kvarða – áreiðanleiki og réttmæti

Til að mynda samfellu fyrir ráðþega sem nota Bendil á ólíkum æviskeiðum var byrjað á því að kanna hvort HVLFAS kvarðar Hollands byggðir á sömu atriðum og notaðir voru í Bendli II (framhaldsskólanemar) og Bendli III (háskólanemar) féllu að formgerðarkenningu hans. Notað

var svokallað Randomization próf lík. Í ljós kom að CI reyndist vera 0,65 í úrtakinu í heild, heldur lægra en hjá háskólanemum (CI = 0,76) en á svipuðum slóðum og hjá framhaldsskólanemum, innan ásættanlegra marka og fellur því ágætlega að líkani Hollands. Áreiðanleiki HVLFAS kvarðanna var á bilinu 0,91 – 0,96. Áreiðanleiki undirkvarðanna var á bilinu 0,82 – 0,95. Lýsingu á þróun undirkvarða má sjá í Einarsdóttir ofl. (2013) og bls. 65-67 í 2.útgáfu handbókar Bendils (Sif Einarsdóttir og James Rounds, 2012) og lýsingu á innihaldi þeirra á heimsíðu Bendils.

Tafla 3. Fjöldi atriða og áreiðanleiki yfirkvarða

Nafn yfirkvarða	Fjöldi atriða	Áreiðanleiki
Handverkssvið	23	0,96
Vísindasvið	19	0,94
Listasvið	18	0,93
Félagssvið	19	0,93
Athafnasvið	15	0,92
Skipulagssvið	18	0,92

Tafla 4. Próffræðilegir eiginleikar 35 undirkvarða í úrtaki vinnandi fólks

	Fjöldi atriða	Áreiðanleiki		Fjöldi atriða	Áreiðanleiki
Afgreiðsla og þjónusta	8	0,88	Persónuleg þjónusta	8	0,88
Akstur og vélar	7	0,92	Ráðgjöf og meðferð	9	0,88
Byggingagreinar	10	0,95	Ræktun og búskapur	9	0,91
Félags- og menntavísindi	10	0,90	Raf- og vélvirkjun	8	0,93
Fjármál	9	0,93	Sala	8	0,88
Fjölmiðlun	10	0,92	Sjómennska og sjávarútvegur	9	0,94
Hannyrðir og Hönnun	8	0,91	Sjónlistir	12	0,92
Heilbrigðisþjónusta	13	0,92	Skapandi skrif	5	0,92
Hugvísindi	9	0,91	Skrifstofustörf	9	0,93
Íþróttir og heilsa	6	0,91	Stærðfræði	6	0,92
Kennsla og uppeldi	8	0,91	Stjórnsmál	6	0,90
Lagerstjórn og sendingar	6	0,87	Sviðslistir	5	0,82
Líf- og heilbrigðisvísindi	7	0,88	Tölvur	9	0,93
Lög	5	0,90	Verk- og tæknifræði	8	0,91
Löggæsla og björgun	10	0,90	Verkleg þjónusta	10	0,93
Mannauðsstjórnun	8	0,91	Viðskipti og rekstur	8	0,90
Náttúruvísindi	8	0,91	Vinnsla sjávarafurða	6	0,91

Gerð viðmiða

Á heildina litið endurspeglar úrtakið vel þýðið, aðalatriðið er að fólk í ólíkum atvinnugreinum og starfstéttum þjóðfélagsins svöruðu og því ætti úrtakið að endurspegla breidd í áhugasviðum fólks á vinnumarkaði. Athugunarvert er þó að þátttakendur eru nokkuð (há)skólagengnir en það er ekki óalgengt að þeir sem eru menntaðir eru líklegri til að taka þátt í könnunum sem þessum. Þar sem menntun þátttakenda í úrtaki endurspeglaði ekki fullkomlega þýðið var stuðst við vegin meðaltöl og staðalfrávik við stöðlun Bendils IV (sjá töflu 3 og 4 að neðan). Markmiðið með því að veita meðaltölin m.t.t. menntunar er að fá meðaltöl sem líkust því sem við fengjum í úrtaki sem væri fullkomlega dæmigert fyrir þýðið. Fyrir liggja staðaltölur (meðaltöl og staðalfrávik) til þess að reikna niðurstöður (T-gildi sjá nánar bls. 52-53 í handbók) fyrir sex yfirkvarða og 35 undirkvarða í könnuninni.

Tafla 3. Vigtun menntunar

Menntunarstig	Vigtun
Grunnskólanám eða minna	0,30
Starfsnám og iðnnám	0,20
Bóklegt nám á framhaldsskólastigi	0,15
Grunnnám í háskóla/nám í sérskóla á háskólastigi	0,20
Meistaránám í háskóla	0,10
Annað	0,05

Tafla 4. Meðaltöl og staðalfrávik á yfirkvörðum fyrir og eftir vigtun

Bendill IV	Fyrir vigtun		Eftir vigtun	
	Meðaltal	Staðalfrávik	Meðaltal	Staðalfrávik
Handverkssvið	55,21	21,03	57,30	21,28
Vísindasvið	50,46	16,91	49,88	16,86
Listasvið	51,25	16,25	50,72	16,46
Félagssvið	52,21	16,57	51,59	16,05
Athafnasvið	40,32	13,04	39,81	12,92
Skipulagssvið	45,47	14,91	46,47	14,59

Samantekt

Segja má að áhugasviðskönnunin Bendill, sem vinna hófst við fyrir 15 árum síðan, hafi stigið lokaskref inn í fullorðinsárin með þróun Bendils IV. Íslenska áhugasviðhringnum hefur verið lokað, með því að þróa 35 undirsvið sem endurspeglar þau störf sem eru í boði á íslenskum vinnumarkaði (Einarsdóttir ofl., 2013). Þetta verkefni hófst með góðri samvinnu við Fræðslusjóð sem styrkti fyrirlögn í stöðlunarúrtaki. Með Bendli IV er nú loks fánleg áhugakönnun á rafrænu og myndrænu formi sem ber áhuga fullorðinna saman við úrtak sem endurspeglar þýði fólks á vinnumarkaði hérlendis. Að auki er stutt áhugakönnun sem hefur fengið heitið Bendill V og metur aðeins sex HVLFASS svið Hollands aðgengileg á upplýsingavef fræðslumiðstöðvar Næstu skref, samkvæmt samningi við Fræðslusjóð/Þróunarsjóð framhaldsfræðslu. Niðurstöður úr Bendli V byggja á stöðlunarúrtakinu sem hér er lýst og er ætlaður fullorðnum á vinnumarkaði og styður við upplýsingaöflun um nám og störf á vefnum Næsta skref. Bendill IV veitir aftur á móti mun nánari greiningu á áhugasviðum fullorðinna sem eru að huga að menntun eða breytingum á starfsferli.

